

# Starfsleyfi fyrir kvíaeldisstöð [Fiskeldis Austfjarða hf.],<sup>1</sup> kt. 520412-0930, í Berufirði.

Gefið út af Umhverfisstofnun í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

## **I. ALMENN ÁKVÆÐI**

### **1.1 Rekstraraðili**

Starfsleyfi þetta gildir fyrir [Fiskeldi Austfjarða hf., kt. 520412-0930] til framleiðslu á [laxi og regnbogasilungi]<sup>2</sup> í sjókvíum í Berufirði. [Fiskeldi Austfjarða hf.] er hér eftir nefnt rekstraraðili.

Komi nýr aðili að rekstri stöðvarinnar getur hann sótt um það til Umhverfisstofnunar að starfsleyfið verði fært yfir á hann, án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi, sbr. 27. gr. reglugerðar nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Með umsókninni skulu fylgja gögn sem sýna fram á að rekstraraðilinn hafi tekið við rekstrinum.

### **1.2 Umfang starfseminnar**

Rekstraraðila er heimilt að framleiða allt að [6000 tonn af laxi og allt að 2000 tonn af regnbogasilungi á ári]<sup>3</sup> í sjókvíum í Berufirði en staðsetningar þeirra koma nánar fram í viðaukum starfsleyfisins.

### **1.3 Mengunarvarnir**

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu. Rekstraraðili skal nota bestu fáanlegu tækni (BAT) sem skilgreind hefur verið við mengunarvarnir og nýta vel orku og vatn. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færst á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið (samþættar mengunarvarnir).

Besta fáanlega tækni hefur verið skilgreind í „Beste tilgjengelige teknikker for fiskeoppdrett i Norden 2005-528“ skýrslu Norræna ráðherraráðsins, en samantektin „Besta fáanleg tækni (BAT) við fiskeldi á Norðurlöndum 2008-548“ er íslenskur útdráttur úr skýrslunni.

Verði breytingar á bestu fáanlegu tækni skulu þær taka gildi og innleiddar samkvæmt ákvæðum í grein 1.7.

<sup>1</sup> Starfsleyfið var upphaflega gefið út fyrir HB Granda hf. Það hefur verið fært á nýjan rekstraraðila sbr. heimild í 27. grein reglugerðar nr. 785/1999 og ákvæði greinar 1.1 í starfsleyfinu.

<sup>2</sup> Upphafleg heimild var til framleiðslu á lax og þorski.

<sup>3</sup> Greinin veitti upphaflega heimild til að framleiða árlega allt að 4000 tonn af þorski og 4000 tonn af laxi.

## **1.4 Breytingar á rekstri**

Rekstraraðili skal veita Umhverfisstofnun upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á rekstrinum með góðum fyrirvara áður en ráðist er í þær. Á grundvelli þeirra metur stofnunin hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi sbr. 18. gr. reglugerðar nr. 785/1999.

## **1.5 Gangsetning og stöðvun rekstrar**

Verði rekstri hætt tímabundið eða varanlega skal gera ráðstafanir til þess að úrgangi sé fargað á viðurkenndan hátt. Ganga skal frá húsnæði, tækjum og efnum í samræmi við fyrirfram gerða áætlun. Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar skal skila til Umhverfisstofnunar og annarra hlutaðeigandi eigi síðar en sex mánuðum eftir gildistöku starfsleyfisins. Vinna skal samkvæmt neyðaráætlun, sbr. ákvæði greinar 4.5, um meðhöndlun eldisfisksins ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri stöðvarinnar. Tilkynna skal eftirlitsaðila strax um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi.

Tilkynna skal eftirlitsaðila um að kvíarnar hafi verið teknar í notkun aftur ef starfsemin hefur legið niðri.

## **1.6 Endurskoðun starfsleyfis**

Endurskoða skal starfsleyfið á fjögurra ára fresti sbr. 20. gr. reglugerðar nr. 785/1999. Endurskoðun starfsleyfis getur einnig komið til vegna meiri mengunar en gert var ráð fyrir sbr. grein 1.7.

Við endurskoðun starfsleyfisins skal tekið tillit til þess að kröfur í starfsleyfum fyrir fiskeldi, þ.m.t. kröfur vegna úrgangs, séu samræmdar eins og aðstæður gefa tilefni til og jafnræðis gætt. Ef nauðsynlegt reynist að mati stofnunarinnar skal rekstraraðili sækja um nýtt starfsleyfi.

## **1.7 Breyttar forsendur**

Ef mengun af völdum starfseminnar er meiri en gert var ráð fyrir við gerð starfsleyfisins, fram koma nýjar reglur um mengunarvarnir, eða ef breytingar verða á bestu fáanlegu tækni, skal rekstraraðili hrinda í framkvæmd tímasettri áætlun um að draga úr mengun eins og kostur er í samráði við Umhverfisstofnun. Ef áætlunin skilar ekki tilætluðum árangri getur Umhverfisstofnun krafist frekari aðgerða til úrbóta og endurskoðunar starfsleyfisins sbr. 21. gr. reglugerðar nr. 785/1999. Rekstraraðili skal sækja um nýtt starfsleyfi ef nauðsyn krefur að mati Umhverfisstofnunar, skv. 2. mgr. 18. gr. reglugerðar nr. 785/1999.

## **1.8 Valdsvið og þvingunarúrræði**

Ef rekstraraðili fylgir ekki ákvæðum starfsleyfis eða fyrirmælum eftirlitsaðila getur Umhverfisstofnun beitt ákvæðum VI. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að knýja á um framkvæmd úrbóta eða mælinga. Umhverfisstofnun er þannig heimilt að veita tilhlýðilegan frest til úrbóta, veita áminningu og ákveða rekstraraðila dagsektir sinni hann ekki tilmælum stofnunarinnar. Jafnframt er stofnuninni heimilt að stöðva eða takmarka starfsemi rekstraraðila sé um að ræða ítrekuð brot eða alvarlegt tilvik.

## **1.9 Upplýsingaréttur almennings**

Almenningur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn í samræmi við ákvæði XI. kafla reglugerðar nr. 785/1999, og upplýsingum um mengunareftirlit í samræmi við VI. kafla reglugerðar nr. 786/1999, um mengunarvarnaeftirlit.

## **2. *VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS***

### **FÓÐURGJÖF**

#### **2.1 Fóðurgjöf og val á fóðri**

Fóðurgjöf og vali á fóðri skal stýrt þannig að myndun úrgangs sé í lágmarki, t.d. með fóðrunarkerfi sem tekur tillit til vaxtarlíkana.

### **VATNSGÆÐI OG LÍFRÍKI**

#### **2.2 Eldisvatn**

Rekstraraðili skal sjá til þess að eldisvatnið uppfylli kröfur til fiskeldis.

#### **2.3 Efnalosun**

Rekstraraðila er ekki heimil losun á þeim eftirlitsaðila þegar kvíarnar eru fluttar til á eldissvæðinu. Halda skal starfseminni í hæfilegri fjarlægð frá annarri mengandi starfsemi og á milli kvía, þannig að mengunaráhrif, svo sem næringarefn, úrgangur eða súrefnisþurrð, valdi ekki skaða í öðrum atvinnurekstri, t.d. öðru sjávareldi. Nota skal traustar og góðar botnfestingar en þó skal forðast að raska botni eftir því sem kostur er.

#### **2.4 Flutningur eldiskvía og ráðstafanir vegna uppsöfnunar fóðurleifa**

Til að hindra að uppsöfnun fóðurleifa hafi áhrif á heilbrigði eldisstofnsins og umhverfið er rekstraraðila heimilt að flytja eldiskvíarnar til á svæðinu. Sama á við ef þörf krefur vegna hvers kyns yfirvofandi hættu fyrir búnað eða eldisfisk. Hafa skal samráð við eftirlitsaðila þegar kvíarnar eru fluttar til á eldissvæðinu. Halda skal starfseminni í hæfilegri fjarlægð frá annarri mengandi starfsemi og á milli kvía, þannig að mengunaráhrif, svo sem næringarefn, úrgangur eða súrefnisþurrð, valdi ekki skaða í öðrum atvinnurekstri, t.d. öðru sjávareldi. Nota skal traustar og góðar botnfestingar en þó skal forðast að raska botni eftir því sem kostur er.

#### **2.5 Lífríki og flokkun vatns**

Fiskeldi má ekki valda fækken tegunda í lífríki, sbr. þó grein 2.7. Rekstraraðila ber að sjá til þess að vatnsgæðum í viðtaka hraki ekki vegna fiskeldis. Þannig er ekki heimil breyting á flokkun vatns samkvæmt 9. og 10. grein reglugerðar nr. 796/1999.

Leiði eftirlit eða mælingar á umhverfisgæðum, samanber ákvæði 3. og 5. kafla, í ljós að ástand vatns fari hrakandi vegna rekstursins og hætta er á að það falli niður um flokk eða hafi fallið niður um flokk, sbr. 9. gr. reglugerðar nr. 796/1999, skal rekstraraðila skylt að endurskoða losunaraðferðir og að afla samþykkis Umhverfisstofnunar á nýju fyrirkomulagi.

#### **2.6 Fráreppsli frá starfsmannaðstöðu**

Fráreppsli frá starfsmannaðstöðu skal uppfylla kröfur í reglugerð nr. 798/1999, um fráveitur og skólp.

#### **2.7 Meindýravarnir**

Verði vart við meindýr skal sjá til þess að þau hafist ekki við eða taki sér bólfestu á athafnasvæðum rekstraraðila. Rekstraraðili skal hindra aðgang villtra fugla og spendýra sem sækja að fráreppsli.

## ÚRGANGUR

### 2.8 Dauður fiskur

Rekstraraðili skal hafa útbúnað sem fangar dauðan fisk úr kvíunum. Um meðhöndlun fisksins gilda ákvæði greinar 2.9 um lífrænan úrgang.

### 2.9 Meðhöndlun úrgangs og spilliefna

EKKI er heimilt að farga neins konar úrgangi um niðurföll.

Draga skal skipulega úr myndun úrgangs. Ef endurnotkunar- og endurnýtingarmöguleikar eru fyrir hendi skal koma úrgangi í slíka vinnslu ef kostur er. Að öðrum kosti skal lífrænn úrgangur fluttur til viðurkenndrar eyðingar eða urðunar. Ganga skal frá honum í þétt lokað ílát eða gáma sem losaðir eru eftir þörfum. Þvífa skal ílátin/gámana eftir notkun. Spilliefnnum og lyfjaafgöngum skal komið til viðurkenndrar spilliefnamóttöku.

### 2.10 Umgengni um mengandi efni

Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá olíubirgðum, olíuúrgangi, eiturefnum og hættulegum efnum að ekki sé hætta á að þessi efni berist út í umhverfið, í sjó, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn. Fylgja skal ákvæðum reglugerðar nr. 35/1994, um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi. Á öllu athafnasvæði stöðvarinnar skal gæta fyllsta hreinlætis í samræmi við kröfur eftirlitsaðila. Áfyllingarplan skal vera steinsteypt og niðurföll af því skulu tengjast olíuskilju sem skal hreinsa reglulega og eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

## ANNAÐ

### 2.11 Öryggisblöð og efnanotkun

Rekstraraðili skal vinna samkvæmt lögum nr. 45/2008 um efni og efnablöndur og reglugerð nr. 750/2008 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH). Við alla efnameðferð skal gæta þess að öryggisblöð séu aðgengileg og uppfærð.

Leitast skal við að skipta út efnum sem hafa skaðleg áhrif á menn og umhverfi fyrir efni sem eru minna skaðleg. Við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er. Við mengunaróhöpp skal fylgja viðbragðsáætlunun skv. grein 4.4.

### **3. INNRA EFTIRLIT REKSTRARADILA**

#### **3.1 Skráningar**

Rekstraraðili skal hafa reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstrarþáttum sem geta haft áhrif á mengun eða losun efna út í umhverfið. Skrá skal upplýsingar um eftifarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila:

- framleiðslumagn og afföll,
- fóðurnotkun, fóðurnýtingu og fóðurgerð,
- magn og gerð hreinsiefna, sótthreinsiefna og lyfja sem notuð eru í kvíunum,
- kvartanir vegna starfseminnar,
- bilanir og óhöpp sem valdi gætu mengun,
- allan úrgang sem verður til í framleiðslunni,
- þjálfun og reynslu starfsfólks sbr. gr. 4.4.,
- staðsetningu kvía sem eru í notkun og framleiðslumagn á hverjum stað,
- teikningar af frárennslí,
- niðurstöður mælinga
- losun næringarefna
- tæmingu olíugildra.

#### **3.2 Eftirlit með eldisbúnaði**

Rekstraraðili skal fylgjast með ástandi eldisbúnaðar og tryggja að fiskur sleppi ekki út. Reglulega skal yfirfara nætur og botnfestingar. Skal það gert með neðansjávarmyndavélu eða köfun.

#### **3.3 Skýrslur til eftirlitsaðila**

Rekstaraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Í yfirlitinu skulu koma fram niðurstöður mælinga og skráninga, sbr. kröfur í 3. og 5. kafla. Þá skulu koma fram þær upplýsingar sem liggja fyrir um flokkun vatns, sbr. ákvæði greinar 2.5.

#### **3.4 Grænt bókhald og útstremmisbókhald**

Rekstraraðili skal færa grænt bókhald í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 851/2002, um grænt bókhald. Rekstraraðili skal færa útstremmisbókhald í samræmi við reglugerð nr. 990/2008, um útstremmisbókhald.

Skila skal niðurstöðum árlega í samræmi við ákvæði viðeigandi reglugerða. Heimilt er að skila skýrslunum sameiginlega auk ársyfirlits sbr. gr. 3.3. Skilafrestir framlengjast þó ekki við það.

### **4. EFTIRLIT STARFSHÆTTIR OG UMHVERFISMARKMIÐ**

#### **4.1 Starfshættir**

Rekstraraðili skal beita góðum starfsreglum við rekstur stöðvarinnar. Í því felst að tryggja gott heilbrigðisástand eldisstofnsins og aðgerðir til að draga úr hugsanlegum umhverfisáhrifum stöðvarinnar, m.a. með góðum starfsaðferðum við fóðrun og notkun efna og lyfja svo og að draga úr losun þessara efna út í umhverfið.

Gerðar skulu nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir mengunaróhöpp og draga úr afleiðingum þeirra. Þar á meðal er val á útbúnaði sem tryggir að fiskur sleppi ekki út og eftirlit með honum sbr. grein 3.2.

Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim.

#### **4.2 Samskipti**

Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður við eftirlitsaðila og ber hann ábyrgð á samskiptum rekstraraðila vegna eftirlits með mengunarvörnum og framkvæmd viðbragðsáætlana. Eftirlitsaðili getur haft samband við fulltrúann utan hefðbundins starfstíma ef þörf krefur.

#### **4.3 Umhverfisstjórnunarkerfi**

Rekstraraðili getur valið að vinna eftir umhverfisstjórnunarkerfi. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ÍST EN ISO 14001:2004 eða þáttöku í umhverfismálakerfi ESB sbr. reglugerð nr. 990/2005, um frjálsa þáttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi bandalagsins (EMAS).

Velji rekstraraðili að reka innra eftirlit sem uppfyllir staðlaðar kröfur er eftirlitsaðila heimilt skv. gr. 12.6 í reglugerð nr. 786/1999, að draga úr eftirliti og lækkar þá eftirlitsgjald sem því nemur. Þá er heimilt að draga úr reglubundnu mengunarvarnaeftirliti hjá atvinnurekstri sem er með innra eftirlit með ákveðnum eftirlitsþáttum sem eftirlitsaðili hefur samþykkt.

#### **4.4 Áhættumat og viðbragðsáætlun**

Rekstraraðili skal gera áhættumat og vinna viðbragðsáætlun á grundvelli þess. Þar skal taka á hugsanlegri hættu á bráðamengun og hvenær tilkynna skuli um mengunaróhöpp til Umhverfisstofnunar. Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltæk. Viðunandi viðbragðsáætlun skal fullnægja skilyrðum í lögum nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda, og vera aðgengileg fyrir eftirlitsaðila.

#### **4.5 Neyðaráætlun**

Útbúa skal neyðaráætlun sem skal vera tiltæk ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri eldisstöðvarinnar. Neyðaráætlunin skal innihalda tillögur um meðferð og förgun eldisfisksins þann tíma sem eldisstöðin er ekki í rekstri.

#### **4.6 Tilkynning vegna mengunaróhappa**

Verði óhapp eða slys sem hefur í för með sér losun mengandi efna í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða skv. viðbragðsáætlun sbr. gr. 4.4, til þess að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfi. Verði bilun í mengunarvarnabúnaði skulu hafnar nauðsynlegar lagfæringar. Tilkynna skal um slík tilvik, önnur óhöpp eða slys í samræmi við viðbragðsáætlun sbr. gr. 4.4.

#### **4.7 Trygging vegna bráðamengunar**

Rekstraraðili skal taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfisstofnun metur gilda, allt að 1 milljón SDR, sbr. ákvæði 16. gr. laga nr. 33/2004.

#### **4.8 Eftirlit**

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 786/1999, um mengunarvarnaeftirlit. Umhverfisstofnun getur falið öðrum framkvæmd eftirlits í samræmi við 4 mgr. 7.gr. og 1 mgr. 9.gr. í reglugerð nr. 786/1999.

Viðbótareftirlit getur meðal annars farið fram vegna nýs búnaðar, vegna kvartana eða sérstakra úttekta vegna áætlana sem rekstraraðili hefur gert um úrbætur.

#### **4.9 Breytingar á mælingum**

Eftirlitsaðili getur, telji hann ástæðu til, farið fram á tíðari mengunarmælingar eða efnagreiningar en starfsleyfið gerir ráð fyrir eða heimilað að dregið verði úr tíðni mælinga eftir því sem við á.

### **5. UMHVERFISVÖKTUN**

#### **5.1 Vöktunaráætlun**

Rekstraraðili skal taka þátt í vöktun á helstu umhverfisþáttum í nágrenni kvíanna í samræmi við umfang losunar fyrirtækisins í þeim tilgangi að meta það álag á umhverfið sem starfsemin veldur. Slíkar mælingar skulu gerðar samkvæmt áætlun sem rekstraraðili leggur fram og Umhverfisstofnun samþykkir. Rekstraraðili skal leggja fram drög að vöktunaráætlun fyrir 31. desember 2011. Vakta skal dreifingu á losun mengunarefna til viðtaka og vistfræðilegar afleiðingar hennar. Meta skal umhverfisástand sjávarbotns. Taka skal mið af almennum leiðbeiningum Umhverfisstofnunar og útfæra þær í samræmi við staðbundnar aðstæður.

#### **5.2 Kostnaður**

Rekstraraðili skal greiða allan kostnað við rannsóknir á mengun í nágrenni kvíanna samkvæmt 5. kafla eða sinn hluta af kostnaðinum ef önnur fyrirtæki á svæðinu valda samskonar mengun. Mælingar skulu vera í höndum rekstraraðila eða aðila sem rekstraraðili tilnefnir og Umhverfisstofnun samþykkir.

### **6. GJALDSKYLDA**

Starfsemi þessi er flokuð í 1. eftirlitsflokk skv. lið 11a í fylgiskjali 1 í reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Rekstraraðili greiðir Umhverfisstofnun gjald vegna útgáfu og kynningar starfsleyfisins og greiðir eftirlitsaðila gjald vegna reglubundins eftirlits skv. gjaldskrá Umhverfisstofnunar. Gjald vegna viðbótareftirlits, svo sem vegna vanefnda eða kvartana, greiðist sérstaklega samkvæmt gjaldskrá.

7. **GILDISTAKA**

Starfsleyfi þetta, sem er veitt samkvæmt reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, öðlast þegar gildi og gildir til 1. júlí 2027. Með gildistöku þessa starfsleyfis fellur úr gildi fyrra starfsleyfi HB Granda hf. frá 29. nóvember 2007, upphaflega gefið út til handa Salar Islandica ehf. fyrir fiskeldi í Berufirði.

**Reykjavík 4. október 2012<sup>4</sup>**


Kristín Linda Árnadóttir  
forstjóri

Gunnlaug Einarsdóttir  
sviðsstjóri

---

<sup>4</sup> Starfsleyfi HB Granda hf. var gefið út 6. júní 2011 en Fiskeldi Austfjarða hf. tók leyfið yfir 19. júní 2012. Gerð var breyting á greinum 1.1 og 1.2 í starfsleyfinu þann 4. október 2012.

**VIÐAUKI 1**



Á myndinni má sjá staðsetningu eldissvæðanna við Glímeyri og við Svarthamarsvík.

**VIÐAUKI 2**

Staðsetningar fyrir fiskeldi við Glímeyri og við Svarthamarsvík sbr. Viðauka 1

1) Glímeyri:

64°43,490 N – 14°23,414 V

64°43,373 N – 14°23,776 V

64°43,900 N – 14°23,735 V

64°43,912 N – 14°24,025 V

2) Svarthamarsvík:

64°42,483 N – 14°22,611 V

64°42,151 N – 14°21,985 V

64°41,918 N – 14°23,006 V

64°42,175 N – 14°23,281 V